

VERNDA HEILSUTRYGGING

Þessari váttrygging tryggir lögráða einstaklinga yfir 18 ára aldri og eru í fullri atvinnu fyrir ýmsum læknisfræðilegum áföllum og tengdum kostnaði. Tryggja ehf., Stórhöfða 23, 110 Reykjavík, er löggild váttryggingamiðlun sem hefur milligöngu um váttryggingarsamninginn við Lloyd's Insurance Company S.A. 14th Floor, Bastion Tower Place du Champ de Mars 5 Tryggja ehf. hefur alla milligöngu um hvers kyns þjónustu og iðgjaldsgreiðslur er varða váttryggingasamninginn. Símanúmer 414-1999 eða tryggja@tryggja.is.

Þessir váttryggingaskilmálar mynda grundvöll váttryggingarsamningsins ásamt váttryggingarskírteini og váttryggingarumsókn.

Þessi váttryggingarskilmáli skiptist í eftirfarandi kafla

1. kafli. Varanleg og tímabundin örorka
 - Hjólastjóláaðgengi
 - Afborganir húsnæðis- og námslána
 - Leigugreiðslur húsnæðis
2. kafli. Alvarlegir sjúkdómar og skurðaðgerðir
3. kafli. Bætur vegna andláts
4. kafli. Almenn ákvæði

1. Kafli. Varanleg og tímabundin örorka**1.gr. Bætur vegna varanlegs starfsorkumissis (örorka) af völdum slyss eða sjúkdóms – hjólastólaaðgengi**

1.1 Slystelst skyndilegur og óvæntur utanaðkomandi atburður sem veldur tjóni á líkama hins váttryggða. Sjúkdómur telst vera veikindi eða sjúkdómsástand hins váttryggða sem ekki orsakast af slysi.

1.2 Váttryggingin greiðir eingreiðslubætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem hlýst af sjúkdómi eða slysi váttryggðs sem verður á váttryggingartíma. Bætur greiðast ef mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við endanlegt örorkumat er 15% eða meira í tilfalli slyss en 25% vegna sjúkdóms. Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku sem metin er lægri, greiðast ekki. Bætur greiðast í hlutfalli við váttryggingafjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini sbr. þó gr. 4.

1.3. Verði váttryggður fyrir lömum, þverlömum vegna sjúkdóms eða slyss greiðast bætur sem tilgreindar eru á váttryggingaskírteini til váttryggðs vegna breytinga á hjólastóla aðgengi á heimilisfesti váttryggðs.

2.gr. Mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku

2.1. Læknisfræðilega örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu váttryggðs. Sé áverka/heilsutjóns ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Ber matsmanni þá að styðjast við útgefna örorkutöflur annarra landa eftir því sem frekast er unnt. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Læknisfræðileg örorka sem var fyrir hendi þegar váttryggingin tók gildi veitir aldrei rétt til bóta. Sama gildir um ör eða önnur útlitslýti.

2.2. Örorkumat skal eiga sér stað innan 12 mánaða frá tjónsatburð. Ef félagið telur ekki raunhæft að meta endanlega örorku innan þessara 12 mánaða getur félagið frestað endanlegu örorkumati í allt að 12 mánuði til vibótar. Ef váttryggður hefur greinst með fleiri sjúkdóma en einn og/eða lent í slysi eða fleiri slysum en einu á váttryggingartímanum, miðast mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við heildarmat vegna allra bótaskyldra sjúkdóma og/eða slysa. Örorka sem hlýst af öðrum sjúkdómum,

slysum eða öðrum atvikum sem falla ekki undir váttrygginguna á váttryggingartíma verður ekki metinn sem hluti af mati til greiðslu bóta.

2.3 Ef líkur eru til, að ástand hins váttryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gilda ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

3.gr. Bætur vegna tímabundinnar örorku:

3.1. Valdi slys eða sjúkdómur váttryggðum tímabundnum algerum missi starfsorku þannig að hann geti ekki stundað sitt venjulega starf, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi eða upphafi sjúkratímabils. Dagpeningarnir greiðast frá lokum biðtíma sem tiltekin er í váttryggingarskírteini og svo lengi sem váttryggður er alveg óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram á váttryggingarskírteini.

3.2. Váttryggjandi metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna, sem fyrir liggja.

3.3 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

3.4 Ef hinn váttryggði gerir tjónskrófu vegna tímabundinnar örorku, getur hann ekki gert aðra slíka tjónskrófu vegna sömu orsakar í 5 ár frá því örorkutímabili lauk.

4. gr. Sérstakar undanþágur frá bótaskyldu vegna slysa

Váttryggingin bætir ekki:

4.1. slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum;

4.2. slys er verða við í hvers kyns fjalla-kletta- eða ísklifri, bjargsigi, hnefaleikum, glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun, teygjustökki og öðrum sambærilegum íþróttum/athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar ;

4.3. slys, sem verða í hvers kyns flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda;

4.4. tjón sem stafa af brjóslosi, þursabiti (lumago ischias), hásinasliti, slitgigt eða hvers kyns öðrum gigtarsjúkdómum, jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök;

4.5 afleiðingar slyss sem áttu sér stað fyrir gildistöku váttryggingar;

Að öðru leyti gilda almennar undanþágur í kafla 4.

5.gr. Sérstakar undanþágur frá bótaskyldu vegna sjúkdóms

Váttryggingin bætir ekki:

5.1. starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.

5.2 starfsorkumissi sem orsakast af öllu eða einhverju leyti af hvers kyns andlegum vandamálum s.s. kvíða, kulnun, þunglyndi, taugaveiklun eða geðtruflunum.

5.3 starfsorkumissi sem stafar af hvers kyns fíknisjúkdóm s.s. alkóhólisma.

Að öðru leyti gilda almennar undanþágur í kafla 4.

6. gr. Afborganir lána í kjölfar örorku

6.1 Verði hinn váttryggði metin með bótaskylda varanlega örorku sem mætir lágmarki sbr. 1. gr., greiðir váttryggingin afborganir af námsláni og fasteignaláni hins váttryggða sem nemur allt að fjárhæð og tímabili sem tiltekin er í váttryggingarskírteini.

6.2 Námslán telst útgefið skuldabréf frá hinum váttryggða til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

6.3 Húsnæðislán telst þinglýst skuldabréf á íbúðarhúsnæði hins váttryggða þar sem hann hefur lögheimili og búsetu. Ennfremur er skilyrði að umrætt skuldabréf hafi sannanlega verið gefið út til fjármögnunar á kaupum viðkomandi íbúðarhúsnæðis en sé ekki tilkomið af öðrum orsökum.

7. gr. Greiðsla húsnæðisleigu í kjölfar örorku

7.1 Verði hinn váttryggði metin með bótaskylda varanlega örorku sem sem mætir lágmarki sbr. 1. gr, og býr í leiguhúsnæði, greiðir váttryggingin húsaleigubætur af leigusamning hins váttryggða sem nemur allt að fjárhæð og tímabili sem tiltekin er í váttryggingarskírteini.

7.2 Leigusamningur hins váttryggða telst vera leigusamningur um það íbúðarhúsnæði sem hinn váttryggði býr og á lögheimili og jafnframt að leigutaki skv. húsaleigusamning sé hinn váttryggði eða sambúðarmaki hans.

8. gr. Frádráttur frá bótum

Hafi hinn váttryggði fengið greiddar bætur vegna alvarlegs sjúkdóms eða skurðaðgerða skv. 9. gr. dragast þær bætur frá örorkubótum sem greiddar eru vegna sama atviks eða sjúkdómsástands.

2. kafli. Alvarlegir sjúkdómar og skurðaðgerðir

9.gr. Bætur vegna tiltekinna sjúkdóma eða skurðaðgerða

9.1 Váttryggingin geiðir bætur í eingreiðslu ef váttryggður hlýtur einhverja eftirfarandi sjúkdómsgreiningu eða gengst undir skurðaðgerð, sbr. nánari lýsingu í 11. gr. skilmála þessara:

- Hjartaáfall
- Kransæðahjáveituaðgerð
- Hjartalokuskurðaðgerð
- Skurðaðgerð á ósæð
- Krabbamein
- MS sjúkdómur
- MND sjúkdómur
- Sykursýki, tegund 1
- Nýrnabilun
- Heilablóðfall
- Góðkynja heilaæxli
- Meiriháttar líffæraflutningar
- Alzheimer sjúkdómur fyrir 60 ára aldur
- Parkinson sjúkdómur fyrir 60 ára aldur
- Alnæmi vegna blóðgjafar
- Alnæmi vegna starfa

Váttryggingin greiðir aðeins einu sinni bætur fyrir hvern sjúkdóm eða aðgerð.

9.2 Bótaskylda er háð því að greining sjúkdóms hafi átt sér stað seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar nema að váttryggður hafi sagt upp samskonar váttryggingavernd hjá öðru váttryggingafélagi við gildistöku þessarar. Það gildir þó ekki fyrir hærri váttryggingarfjárhæð en var í hinni eldri váttryggingu. Bótaskylda er einnig háð því að váttryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.

10.gr. Nánari lýsing á bótaskyldum sjúkdómstegundum eða aðgerðum

10.1 Hjartaáfall (Myocardial Infarction):

Drep í hluta hjartavöðvans vegna ófullnægjandi blóðflæðis til svæðisins. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi og byggð á öllum eftirfarandi þáttum:

- sögu um dæmigerðan brjóstverk
- nýjum einkennandi hjartalínuritsbreytingum
- hækkun sértækra efnahvata hjartavöðva, trópóníns eða annarra lífefnavísa.

Undanskilið er:

- hjartafleygdrep án ST-hækkunar (NSTEMI) með eingöngu hækkun trópóníns I eða T.
- Önnur bráð kransæðaheilkenni.
- Þögult hjartaáfall.

10.2 Kransæðahjáveituaðgerðir (Coronary Artery Bypass Surgery)

Opin brjóstholsskurðaðgerð til að lagfæra þrengsli eða stíflur í einni eða fleiri kransæðum með kransæðahjáveitugræðlingi (CABG). Skurðaðgerð skal sannanlega hafa verið nauðsynleg samkvæmt kransæðamyndatöku (angiography) og að mati sérfræðings.

Undanskilið er:

- Aðrar aðgerðir s.s. æðalöggun (angioplasty) og/eða aðgerðir innan slagæða;
- Aðgerðir um lítið op (key-hole surgery).

10.3 Hjartalokuskurðaðgerð (Heart Valve Surgery):

Viðgerð eða skipti á einni eða fleiri hjartalokum með opinni brjóstholsaðgerð. Þetta tekur til skurðaðgerða á ósæðarloku, míturloku, lungnastofnsloku eða þríblöðkuloku þegar um er að ræða þröng (stenosis), leka eða báða þessa þætti. Aðgerðin skal hafa verið nauðsynleg að mati sérfræðings.

10.4 Skurðaðgerð á ósæð (Surgery of Aorta):

Skurðaðgerð á ósæð vegna langvinnis ósæðarsjúkdóms þar sem hluti ósæðar er skorinn í burt og í stað hins sjúka hluta er settur græðlingur (graft). Með ósæð er hér átt við brjósthols- og kviðarholshluta æðarinnar en ekki greinar hennar. Aðgerðin skal hafa verið nauðsynleg að mati sérfræðings.

10.5 Krabbamein (Cancer):

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Sjúkdómsgreiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi með sérstakri vefjagreiningu. Hvítblæði og illkynja sjúkdómar í eitlakerfinu svo sem Hodgkinssjúkdómur falla einnig undir þessa skilgreiningu.

Undanskilið er:

- Sérhvert stig af innanþekjuæxli í leghálsi (CIN)
- Sérhvert forstig illkynja æxlis (pre-malignant tumour)
- Sérhvert krabbamein án íferðar /setbundið krabbamein (cancer in situ)
- Blöðruhálskirtilskrabbamein á stigi 1 (T1a, 1b, 1c)
- Grunnfrumukrabbamein (basal cell carcinoma) og flöguþekjukrabbamein (squamous cell carcinoma)
- Illkynja sortuæxli á stigi 1A (T1a, N0, M0)
- Sérhvert illkynja æxli samfara eyðniveiru (HIV)

10.6 Heila- og mænusigg (Multiple Sclerosis):

Ótvíræð greining heila- og mænusiggs, gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Þessu til staðfestingar skulu einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt niðurstöðum segulómrannsóknar (MRI). Vátryggður verður að hafa haft taugakerfiseinkenni samfleytt í a.m.k. sex

mánuði eða fengið a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna með a.m.k. mánaðar millibili. Sé aðeins um eitt tímabil að ræða þurfa einkennandi niðurstöður í mænuvökva að vera til staðar ásamt því að sértækar breytingar (lesions) séu greindar með niðurstöðu segulóm skoðunar (MRI).

10.7 Hreyfitaugungahrörnun (Motor Neurone Disease):

Ótvíræð greining hreyfitaugungahrönnunar (t.d. hliðarstrengjahersli, frumkomin hreyfitaugungahrörnun, ágeng vista, ágeng mænukyllfulömun, sýndarmænukyllfulömun) skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum og byggð á dæmigerðum niðurstöðum rafvöðvarits og raftaugarits. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þjárf eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

10.8 Sykursýki (Diabetes Mellitus tegund 1): Sykursýki greind af sérfræðingi í innkirtlasjúkdómum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærri en 8 mmol/l og váttrygður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjá mánuði.

10.9 Nýrnabilun (Kidney Failure):

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða til ígræðslu á nýra (renal transplantation).

10.10 Heilablóðfall (Stroke):

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur varanlegum einkennum frá taugakerfi (neurological sequelae); þetta nær til fleygdreps í heilavef, blæðinga og blóðreks frá upptökum utan höfuðkúpu. Greiningin skal vera staðfest af sérfræðingi byggð á klínískum einkennum og niðurstöðu tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Sýnt skal fram á starfsgalla í taugakerfi í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Undanskilið er:

- Skammvinnt blóðþurrðarkast (TIA)
- Heilaskaði vegna áverka
- Taugakerfiseinkenni vegna mígrenis.
- Ördrep án taugakerfistruflunar.

10.11 Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour):

Brottnám góðkynja heilaæxlis framkvæmt í svæfingu og leiðir til viðvarandi taugrænnar truflunar (neurological deficit) eða ef það er óskurðtækt og leiðir einnig til viðvarandi taugrænnar truflunar. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og þarf að styðjast við niðurstöður tölvusneiðmyndar (CT) og segulóm skoðunar (MRI) af höfði. Einkenni frá taugakerfi þurfa að hafa varað í a.m.k. 3 mánuði. Undanskilin eru:

- Öll belgmein (cysts)
- bólguhnúðar (granuloma)
- vanskapnaður á eða í slagæðum eða bláæðum heilans
- margúlar (hematoma)
- æxli í heiladingli eða mænu

10.12 Meiriháttar líffæraflutningar:

Vatryggður gengst undir líffæraflutning sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, smáþörmum, nýra eða beinmerg.

10.13 Alzheimers-sjúkdómur fyrir 60 ára aldur:

Greining Alzheimers-sjúkdóms (presenile dementia) fyrir 60 ára aldur. Greininguna skal staðfesta með dæmigerðum niðurstöðum rannsókna á vitrænni getu og taugamyndgreiningarrannsóknum á heila (t.d. tölvusneiðmynd (CT), segulóm skoðun (MRI) eða jáeindaskönnun (PET)). Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða leitt til þarfar á eftirliti og varanlegri viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdómsins. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu

10.14 Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur:

Ótvíræð greining á Parkinsonsveiki af óþekktri orsök eða framkominni Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Öll önnur form af Parkinsonsheilkenni eru undanskilin. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

10.15 Alnæmi (AIDS) vegna blóðgjafar:

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfest greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Læknir verður að hafa metið blóðgjöfina læknisfræðilega nauðsynlega og blóðgjöfin sjálf verður að hafa átt sér stað eftir að vatryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem veitti blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Vatryggður er ekki blæðari.

Þessi bótaþáttur fellur niður verði fundin varanleg og alger lækning á Alnæmi (AIDS) eða bóluefni sem kemur varanlega og alfarið í veg fyrir smitun á Alnæmi (AIDS) og fer í almenna notkun.

10.16 Alnæmi (AIDS) vegna starfa:

Eyðniveirusmit af völdum óhapps sem vatryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefna mælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaða frá óhappinu. Þessi bótaþáttur fellur niður verði fundin varanleg og alger lækning á Alnæmi (AIDS) eða bóluefni sem kemur varanlega og alfarið í veg fyrir smitun á Alnæmi (AIDS) og fer í almenna notkun.

11. gr. Nánar um skilyrði bótagreiðslu vegna tilgreindra sjúkdóma

11.1 Bætur greiðast ekki vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum (90 dögum) eftir töku vatryggingarinnar, né við endurupptöku hennar. Þessi takmörkun gildir þó ekki hafi vatryggður haft samskonar vatryggingu í gildi hjá öðru vatryggingafélagi. Hafi vatryggður hækkað

vátryggingarfjárhæð, eða haft samskonar vátryggingu í gildi með lægri vátryggingarfjárhæð, gildir takmörkunin að því marki sem vátryggingarfjárhæð er hærri.

11.2 Skilyrði fyrir bótagreiðslu er að vátryggður lifi í a.m.k. 30 daga frá því að vátryggingaratburður var staðfestur.

3. KAFLI DÁNARBÆTUR

12. gr. Greiðsla útfararkostnaðar

Ef vátryggður deyr á vátryggingartíma greiðast bætur vegna útfararkostnaðar. Vátryggingarfjárhæðin kemur fram í vátryggingarskírteini.

13. gr. Dánarbætur vegna slyss

13.1 Verði hinn vátryggði fyrir slysi á vátryggingartíma, sem leiðir til andláts hans innan 1 árs frá slysdegi, greiðir vátryggingin dánarbætur til réttahafta. Vátryggingarfjárhæð er tiltekin á vátryggingarskírteini.

13.2 Dánarbætur vegna slyss greiðast eingöngu því aðeins og slysið sé bein og eina örsök þess að vátryggður deyr.

14. gr. Réttthafi

Útfararbætur og dánarbætur vegna slyss greiðast til hjúskaparmaka vátryggðs. Sé hann ekki fyrir hendi greiðast útfarabætur og dánarbætur vegna slyss til lögerfingja hans.

15. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Um þennan kafla gilda undanþágur frá bótaskyldu sbr. 5. og 6. gr. sem og almennar undanþágur í 4. Kafla.

4. KAFLI ALMENN SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

Þessi kafla gildir um alla hluta þessarar vátryggingar eftir því sem við á.

16. gr. Hver er vátryggður - Landfræðilegt gildissvið

16.1 Vátryggður er sá aðili sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

16.2 Vátryggingin tekur eingöngu til einstaklinga með íslenskt ríkisfang.

16.3 Vátryggingin gildir alls staðar í heiminum.

17. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - vátryggingartímabil

17.1 Ábyrgð vátryggjanda hefst kl. 12 á miðnætti þann dag þegar vátryggingamiðlari, sendir tilkynningu til vátryggingartaka um að samþykkt hafi verið vátryggingarbeiðni frá vátryggingartakanum sbr. 74. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema vátryggingartaki hafi skriflega óskað eftir öðrum gildistökutíma og hefst þá ábyrgðin frá því tímamarki. Iðgjald ber að greiða þegar vátryggingin tekur gildi. Vátryggingamiðlarinn sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

17.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er vátryggingamiðlara heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.

17.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við váttryggingamiðlara um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

17.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna váttryggingamiðlara.

17.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini. Váttryggingin endurnýjast sjálfkrafa 60 dögum fyrir nýtt váttryggingartímabil nema að henni sé sagt upp af váttryggingartaka á skriflegan máta. Váttryggjandi áskilur sér þó rétt til þess að hafna endurnýjun váttryggingar eða breyta iðgjaldi og/eða skilmálum hennar fyrir nýtt váttryggingartímabil.

17.6 Váttryggingartaka er skv. 3. mgr. 75. gr. VSL heimilt að segja upp váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu enda hafi hann ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæti uppsögn hennar eða að til að flytja váttrygginguna til annars félags. Hyggist váttryggingartaki segja upp váttryggingarsamning sínum með þessum hætti skal hann tilkynna váttryggingarmiðlara um uppsögn sína með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða félags váttrygging er flutt og frá hvaða tíma. Þegar váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar 5 ársverkum eða meira, gildir þessi grein þó ekki.

18. gr. Almennar undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki:

18.1 slys eða sjúkdóma sem orsakast af notkun á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki og eru bótaskyld úr ábyrgðartryggingu ökutækisins eða slysatrygginu ökumanns og eiganda (SÖE-trygging).

18.2 slys eða sjúkdóma sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði;

18.3 slys eða sjúkdóma vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds atburðar og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun;

18.4 slys eða sjúkdóma sem orsakast af neyslu áfengis eða eitur-/nautnalyfja;

18.5 slys eða sjúkdóma sem leiða af eðlilegri og náttúrulegri hrörnun;

18.6 slys eða sjúkdóma vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs;

18.7 slys eða sjúkdóma sem hinn váttryggði veldur sjálfum sér með ásetning;

18.8 slys eða sjúkdóma sem leiða af lýta-eða fegrunaraðgerðum;

18.9 slys eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira;

18.10 slys eða sjúkdóma sem stafa beint eða óbeint af jarðskjálftum, eldgosum, flóðum, skriðum, snjóflóðum og öðrum náttúruhamförum.

18.11 kynsjúkdóma eða afleiðingar þeirra;

18.12 slys eða sjúkdóma sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum.

18.13 Allar undanþágur samkvæmt þessari grein eiga líka við um útfararkostnað og dánarbætur vegna slyss skv. 3. kafla.

19. gr. Aldurstakmörk, áhættumat og fyrirvari um ástand fyrir váttryggingartöku

19.1 Lágmarksaldur við töku váttryggingar er 18 ár. Váttrygging þessi er tekin án áhættumats á hinum váttryggða fyrir 46 ára aldur hans. Í því tilfalli tekur váttryggingin ekki til neins konar sjúkdómsástands sem fyrir hendi var áður en váttryggingin tók gildi og hinn váttryggði vissi, eða mátti vita um sbr. c. lið, 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19.2 Sé hinn váttryggði 46 ára eða eldri ber honum að fylla út heilsufarsyfirlýsingu til áhættumats félagsins á heilsufari hans.

19.3 Einstaklingar eldri en 59 ára eru ekki teknir inn í nýja váttryggingu.

19.4 Váttrygging þessi endurnýjast ekki fram yfir 65 ára afmælisdag hins váttryggða og fellur niður frá því tímamarki.

20. gr. Váttryggingarfjárhæð – verðbótapáttur

20.1 Váttryggingarfjárhæðir fyrir hvern bótaþátt eru tilteknar á váttryggingarskírteini.

20.2 Váttryggingarfjárhæðir og váttryggingariðgjald hækka um 2,5% við hverja endurnýjun váttryggingarsamningsins enda sé ISK lögeyrir á Íslandi.

21. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

21.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.

21.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.

22. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

22.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

22.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

22.3 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

22.4 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

23. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

23.1 Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna váttryggingamiðlara um váttryggingaratburð á þar til gerðum eyðubliðum hans, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki váttryggingamiðlara um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu váttryggingamiðlara um að kröfu hans væri hafnað.

23.2 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrir mælum félagsins og váttryggingamiðlara sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni váttryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

23.3 Váttryggðum ber að leita læknis strax og sjúkdóm eða slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrir mælum læknis.

23.4 Við uppgjör tjóns skal váttryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

23.5 Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum váttryggingasamning. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

24. gr. Mat á tjónabótum.

Allar kröfur um tjónabætur eru metnar af lækni á vegum váttryggjanda. Kröfur um varanlega örorku skulu vera metnar af einum lækni, tilnefndum af váttryggjanda, og öðrum lækni, tilnefndum af váttryggingartaka. Ef þessir tveir læknar ná ekki niðurstöðu skulu þeir velja þriðja óháða lækni til að meta kröfuna. Niðurstaða þessa þriðja læknis er bindandi fyrir alla aðila.

25. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

25.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni án fyrirvara.

25.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

25.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef breyting verður á aðstæðum váttryggjanda, t.d. ef ákvörðun verður tekin um landfræðilega takmörkun á váttryggingaráhættum hans.

25.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks:

25.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á váttryggingartímabili;

25.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;

25.3.3 ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

26. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

26.1 Ef váttryggingartaki, eða félagið, nýtir sér heimild sína til þess að segja upp þessum váttryggingarsamning á váttryggingartímabilinu samkvæmt reglum þessa váttryggingarskilmála eða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, mun félagið endurgreiða iðgjald hlutfallslega.

26.2 Ef hinsvegar félagið greiðir bætur vegna andláts hins váttryggða, eða örorkubætur fyrir 100% örorku, þá endar váttryggingarsamningurinn án sérstakrar uppsagnar og iðgjald er ekki endurgreitt.

27. gr. Endurkröfuréttur

Ef að váttryggður verður fyrir bótaskyldu tjóni sem rekja má til sakar annars, eignast félagið samsvarandi endurkröfurétt á þann aðila að því marki sem félagið hefur greitt hinum váttryggða bætur.

28. gr. Gjaldlagi váttryggingarbóta – vextir

28.1 Hinum váttryggða, eða þeim sem á rétt til bóta, ber að fá greiddar bætur innan 14 daga frá því að félagið fékk upplýsingar til þess að meta ábyrgð sína og rétta bótafjárhæð.

28.2 Hinn váttryggði hefur rétt til vaxta af tjónskröfu sinni sbr. 123. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

29. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Fyrir utan þennan váttryggingarskilmála þá gildir um váttryggingarsamning þennan lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

30. gr. Ágreiningur – varnarþing

Ágreiningi um bótaskyldu má vísa til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessa nefnd og starfsháttu hennar má fá hjá Tryggja ehf. Einnig er að finna upplýsingar um nefndina á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skal reka fyrir héraðsdóm Reykjavíkur nema annað sé ákvarðað í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.